

11. mars 2022
Tilv.: 2202096

Dreifibréf nr. 7/2022
til lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Tvennar viðmiðunarreglur EBA um annars vegar vísa og hins vegar sviðsmyndir í endurbótaáætlunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um vísa í endurbótaáætlunum (EBA/GL/2021/11), sbr. 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (BRRD).¹ Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 14. febrúar 2022 og beinast að verðbréfafyrirtækjum og lánastofnunum sem og eftirlitsstjórnvöldum. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Í IX. kafla A laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er fjallað um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja um það hvernig bregðast skuli við mögulegum áföllum eða álagi. Kveðið er á um vísa í endurbótaáætlunum í 82. gr. f laganna, þar sem 9. gr. BRRD er innleidd, og 17. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1075, sbr. reglur nr. 666/2021, um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins varðandi tæknilega staðla um skilameðferð og endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. f skulu lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki útbúa vísa sem skulu vera hluti af endurbótaáætlun og gefa til kynna hvenær og þá til hvaða aðgerða þörf sé að grípa á grundvelli endurbótaáætlunar. Með vísun er nánar átt við mælikvarða sem byggjast hvort sem er á eigindlegum (e. qualitative) eða meginlegum (e. quantitative) upplýsingum sem gefa tímanlega til kynna hvenær aðstæður fyrirtækis eru með þeim hætti að grípa beri til einnar eða fleiri aðgerða sem kveðið er á um í endurbótaáætlun.

Í viðmiðunarreglunum er að finna lista yfir lágmarksvísa, bæði eigindlega og meginlega, sem fram skulu koma í endurbótaáætlunum. Þá fjalla reglurnar um reglulegt eftirlit með slíkum vísunum, aðstæður þar sem til skoðunar kemur að grípa til aðgerða samkvæmt endurbótaáætlun og til hvaða aðgerða skuli grípa. Með viðmiðunarreglunum falla úr gildi eldri viðmiðunarreglur EBA um vísa í endurbótaáætlunum (EBA/GL/2015/02) sem teknar höfðu voru upp í reglugerð nr. 50/2019, um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sem felld hefur verið úr gildi.

¹ Guidelines on recovery plan indicators undir Article 9 of Directive 2014/59/EU.

Þá hefur EBA gefið út viðmiðunarreglur um sviðsmyndir í endurbótaáætlunum (EBA/GL/2014/06), sbr. 7. mgr. 5. gr. BRRD,² sem jafnframt höfðu verið teknar upp í reglugerð nr. 50/2019 en nú er vísað til þeirra í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1075, sbr. reglur nr. 666/2021. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 82. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skulu endurbótaáætlanir innihalda sviðsmyndir sem gera ráð fyrir rekstrarerfiðleikum hjá lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki ásamt áföllum í fjármálakerfinu og hagkerfinu sem geta haft áhrif á rekstur eða starfsemi viðkomandi fyrirtækis. Í viðmiðunarreglunum eru tilgreindar mismunandi sviðsmyndir til að nota í endurbótaáætlunum. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/11 og EBA/GL/2014/06 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar

² Guidelines on the range of scenarios to be used in recovery plans.

